

## Sparisjóður Svalbarðsstrandar/Samvinnubankinn á Svalbarðseyri

2010/40

Sparisjóður Svalbarðsstrandar var stofnaður árið 1914 af Ungmennafélaginu Æskunni. Fyrstu stjórn sparisjóðsins skipuðu Kristján Tryggvason, Helgi Valdimarsson og Jóhannes Laxdal.

Til að byrja með var sjóðurinn mjög lítill og kom því ekki að gagni sem útlánastofnun. Í kringum 1930 var farið að ræða það hvort ekki ættu fleiri að koma að sjóðnum en eingöngu Ungmennafélagið og hófust viðræður við Svalbarðsstrandarhrepp um rekstur hans.

Þær viðræður báru ekki árangur en að fengnu samþykki Ungmennafélagsins var ákveðið á almennum hreppsfundi árið 1935 að sparisjóðurinn skyldi verða sjálfseignarstofnun með ábyrgð 12 manna.

Þetta varð til þess að sjóðurinn óx og dafnaði og starfssvæði sjóðsins fór að ná langt út fyrir hreppinn. Sjóðurinn tók þátt í að styrkja hin ýmsu framfaraverkefni í hreppnum. Árið 1957 gaf sjóðurinn 50 þúsund krónur til kirkjubyggingar í sveitinni og um tíma gaf sjóðurinn hverju skírðu barni í sveitinni 50 kr. til inneignar, svo eitthvað sé nefnt.

Árið 1979 var sjóðurinn svo lagður undir starfsemi Samvinnubankans á Svalbarðseyri eftir fjárhagsörðugleika um tíma. Samvinnubankinn var rekinn af Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Árið 1990 keypti Landsbankinn Samvinnubankann í heild sinni og hann var endanlega lagður niður árið 1992. Útibúið á Svalbarðseyri breyttist í útibú Landsbankans og var rekið þar til ársins 1999 þegar allri bankastarfssemi á Svalbarðseyri var hætt.

Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

6. október 2021

Katrín Björg Þórisdóttir  
skjalavörður

## Geymsluskrá

2010 / 40

## A-Fundargerðir

## A-Fundargerðir

1935 - 1987

A	1	1	1935 - 1961	Fundargerðarbók
A	1	2	1961 - 1987	Fundargerðarbók

## B-Bréfasafn

## BB-Innkomin og send bréf

1937 - 1980

BB	1	1	1980 - 1980	Bréf vegna málshöfðunar
BB	1	2	1937 - 1979	Bréf; samþykktir; reglugerðir; fundargerð v. afhendingar Sparisjóðs Svalbarðseyrar til Samvinnubankans

## C-Bókhald

## C-Bókhald

1914 - 1985

C	4	1	1973 - 1979	Veðbókarvottorð, veðleyfi, veðskuldabréf, skuldabréf
C	4	2	1975 - 1980	Rekstrarreikningar og efnahagsreikningar
C	4	3	1943 - 1969	Ábyrgðir fyrir Sparisjóð Svalbarðsstrandarhrepps
C	4	4	1980 - 1980	Fylgiskjöl
C	4	5	1980 - 1985	Fylgiskjöl
C	1	1	1961 - 1979	Sjálfsábyrgðarlánabók
C	1	2	1962 - 1980	Efnahagsreikningur
C	1	3	1914 - 1938	Efnahagsreikningur
C	1	4	1939 - 1961	Efnahagsreikningur
C	1	5	1941 - 1979	Veðlánabók
C	2	1	1976 - 1978	Víxlabók
C	2	2	1978 - 1979	Víxlabók
C	2	3	1964 - 1969	Endurskoðunarbók
C	2	4	1962 - 1970	Bankareikningabók
C	2	5	1969 - 1978	Skýrslur yfir handhafa ávísanareikninga
C	2	6	1969 - 1978	Skýrslur yfir handhafa ávísanareikninga á lausum blöðum
C	2	7	1970 - 1985	Innláns viðskiptabækur Sparisjóðs Svalbarðsstrandar o.fl.
C	3	1	1974 - 1979	Höfuðbók
C	3	2	1976 - 1978	Dagbók
C	3	3	1978 - 1979	Dagbók
C	3	4	1970 - 1978	Dagbók
C	3	5	1977 - 1979	Vaxtaaukareikningur
C	3	6	1977 - 1979	Vaxtaaukareikningur